

Reykjavík, 22. júní 2016
Fundargerð 155. fundar

Tilvísun: 00060002

Miðvikudaginn 22. apríl 2016 var haldinn 155. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Sigrún Edda Jónsdóttir í fjarveru Ásgerðar Halldórsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri. Þorsteinn Einarsson, lögmaður, sat fundinn undir lið 1. Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sátu fundinn undir lið 2.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ingveldur Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Gengislán Íslandsbanka

Þorsteinn Einarsson frá Forum lögmönnum fór yfir dóm héraðsdóms frá 20. apríl sl. í máli SHS gegn Íslandsbanka.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað Forum lögmanna um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli SHS gegn Íslandsbanka, dags. 16. júní 2016.

Afgreiðsla: Samþykkt að áfrýja dómnum til Hæstaréttar.

2. Kjarasamningar LSS

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, fóru yfir nýgerða kjarasamning LSS.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Þriggja mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri lagði fram árshlutareikning SHS vegna janúar – mars 2016.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS janúar - mars, dags. 22. júní 2016.

Afgreiðsla: Óskað eftir nánari sundurliðun á launapróun milli ára á næsta fundi.

Handwritten signatures and initials:
A. Eggertsson
S. Jónsdóttir
249

4. Brunavarnaáætlun SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála vegna vinnslu brunavarnaáætlunar SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS um brunavarnaáætlun og mönnun SHS, dags. 7. júní 2016.
- Bréf MVS vegna draga að brunavarnaáætlun SHS, dags. 20. maí 2016.

Afgreiðsla: Unnin verður greining, áhættumat og frekari rökstuðningur í samræmi við óskir Mannvirkjastofnunar.

5. Fjárhagsáætlun 2016

Slökkviliðsstjóri kynnti fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir vegna fjárhagsáætlunar 2016.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS um sparnaðaraðgerðir 2016, dags. 16. júní 2016.

Afgreiðsla: Stjórn SHS treystir því mati slökkviliðsstjóra að þær breytingar sem hann hefur innleitt á vaktafyrirkomulagi slökkviliðsins tryggji fullnægjandi þjónustu og öryggi á starfssvæði slökkviliðsins. Þá er bent á að á síðasta ári fjölgaði stöðugildum slökkviliðsmanna um fjórtán.

Stjórn SHS hyggst jafnframt láta vinna áhættumat á grundvelli hermunar á þeim aðgerðum sem slökkviliðsstjóri hefur ákveðið og innleitt á vaktafyrirkomulagi og mönnun slökkviliðsins, sem meti reynslu af þeim. Jafnframt mun stjórnin fá ytri rýni á fjölgun slökkviliðsmanna og öðrum aðgerðum, þ.m.t. hagræðingaraðgerðum sem gripið hefur verið til.

Stjórn áréttar að slökkviliðsstjóra ber að leggja breytingar á vaktafyrirkomulagi og mannahaldi hjá slökkviliðinu fyrir stjórn, ásamt áhættumati. Sama regla gildi um starfslokasamninga.

Slökkviliðsstjóri og fjármálastjórstjóri Reykjavíkurborgar undirbúi fjárhagsáætlun ársins 2017 á grundvelli niðurstöðu yfirstandandi rekstrarúttektar. Miðað skal við þær forsendur að tveir slökkvibílar verði endurnýjaðir, SHS verði tryggð nauðsynleg lausafjárstaða en endurgreiðsla vegna gengislánadóms gangi til að öðru leyti til sveitarfélöganna.

6. Lóð fyrir nýja slökkvistöð

Ekkert húsnæði bauðst undir slökkvistöð í kjölfar auglýsingar Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar eftir slíku.

Eftirfarandi lagt fram:


- Minnisblað Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar um auglýsingu eftir húsnæði fyrir slökkvistöð, dags. 14. júní 2016.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra og bæjarstjóra Kópavogs falið að setja saman starfshóp um hentuga lóð til að byggja nýja slökkvistöð á í samvinnu við Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.


Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 19. ágúst 2016.




Fundi slitið klukkan 09:40.

Fylgiskjöl:


- Minnisblað Forum lögmanna um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli SHS gegn Íslandsbanka, dags. 16. júní 2016.
- ~~Minnisblað Sambands isl. sveitarfélaga.....~~
- Árshlutareikningur SHS janúar – mars, dags. 22. júní 2016.
- Minnisblað SHS um brunavarnaáætlun og mönnun SHS, dags. 7. júní 2016.
- Bréf MVS vegna draga að brunavarnaáætlun SHS, dags. 20. maí 2016.
- Minnisblað SHS um sparnaðaraðgerðir 2016, dags. 16. júní 2016.
- Minnisblað Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar um auglýsingu eftir húsnæði fyrir slökkvistöð, dags. 14. júní 2016.




Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Sigrún Edda Jónsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



Haraldur Sverrisson



Haraldur L. Haraldsson